

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1984, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 692 5. september 1983.

*Íðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu — Rás 2.**

1. Verð kr. 7 200,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 120,00 fyrir hverja sekúndu.
2. Næturútlit:

Verð kr. 4 800,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 80,00 fyrir hverja sekúndu.

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. febrúar 1984 þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 19. janúar 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Sólveig Ólafsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 700 28. desember 1981 um vitagjald.**

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vitagjald, kr. 20,00 af hverri brúttórúmllest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 3,00.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 646 2. desember 1982.

*Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*